



Sveitarstjórnarskrifstofa

Sveitarstjórn minnir foreldra á að frístundastyrkur barna vegna 2015 rennur út í desember.

Aðventutónleikar

Aðventutónleikar sunnudaginn 29. nóvember kl. 20:00 í Svalbarðskirkju.

Kennarar TónSval bjóða til notalegrar kvöldstundar í Svalbarðskirkju, flutt verða jólalög úr ýmsum áttum. Fram koma Fanney Kristjáns Snjólaugar-dóttir (söngur), Helga Kvam (píanó og þverflauta), Ingvi Rafn Ingvason (trommur), Jóhann G. Möller (gítar og rafbassi) og Þórhildur Örvarsdóttir (söngur).

Aðgangur er ókeypis og vonumst við til að sem flestir komi og njóti stundarinnar með okkur í upphafi aðventu.

Kirkjan

22. nóvember kl. 11.00 Sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju

10. desember kl. 20.00 Aðventukvöld í Svalbarðskirkju

Næstu rusladagar

19. nóvember - **Almennt sorp**

26. nóvember - **Endurvinnsla**

3. desember - **Almennt sorp**

Frá Tónlistarskólanum

Jólatónleikar Tónlistarskóla Svalbarðsstrandar verða þriðjudaginn 1. desember.

Tónleikar yngri nemenda verða kl. 17:00 og eldri nemendur kl. 18:00.

Flutt verða jólalög í einleik og samspili og svo syngjum við saman nokkur jólalög í lok tónleikanna.

Tónleikarnir eru í Tónlistarskólanum og er aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

Síðasti kennsludagur haustannar 2015 er miðvikudagurinn 16. desember.

Innritun nýnema fyrir vorönn 2016 eða breytingar eru í gegnum heimasíðu skólans undir takkanum "Umsókn um nám".

<http://www.svalbardsstrond.is/tonlistarskoli>

Einnig er hægt að senda tölvupóst á tonlist@svalbardsstrond.is.

Með góðum kveðjum úr Tónlistarskólanum

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Póstlisti

Sendi áminningu mánaðarlega fyrir skil á efni í Ströndung. Þeir sem vilja vera á póstlista sendi mér línu á sandra.einars@gmail.com.

Ströndungur kemur út þriðja þriðjudag í hverjum mánuði. Til að efni nái í blaðið þarf að senda í seinasta lagi laugardeginum fyrir útgáfu blaðs, til að vera öruggur um birtingu.

Kvenfélagið

Jólamarkaður Kvenfélagsins verður í Valsárskóla laugardaginn 21. nóv. 2015 kl. 12.00-16.00.

Margt glæsilegt verður á boðstólnum og úrval góðra muna. Góð þátttaka eins og vanalega.

Kvenfélagið verður með krukkumarkað og innihald þeirra verður forvitnilegt að sjá.

Kaffihúsa stemming í skálanum þar sem kvenfélagskonur selja kaffi, kakó og vöflur.

Enn er hægt að fá borð hjá Hönnu s. 845 4362 og Fjólu s. 892 0773

Þennan sama dag er öllum 60 ára og eldri boðið í kaffi í Valsárskóla kl. 10.30-12.00 og er þá upplagt að líta á markaðinn í leiðinni sem opnar kl. 12.00.

Með kveðju. Kvenfélag Svalbarðsstrandar



Helgi, Hulda, Fjóla, Bjarni, Anna María, Jón Ragnar, Gunnar, Haukur Geir, Hulda, Elsa og Baldur. Mynd: TLV

Litið um öxl

Þessi frétt birtist í Degi 24. ágúst 1988. Mynd með fréttinni er inni í opnu.

Leikskólinn á Svalbarðseyri: Starfræktur yfir sumarmánuðina

Leikskóli er starfræktur í barnaskólanum á Svalbarðseyri 3 mánuði yfir sumarið. Daginn sem ljósmyndari og blaðamaður Dags voru á ferðinni voru 9 börn mætt en mjög misjafnt er hveru mörg þau eru og fer fjöldinn allt upp í 15 börn.

Þegar okkur bar að garði voru allir nýkomnir inn og verið var að lesa sögu. Krakkarnir fylgdust með af innlifun þegar Anna María fósra las fyrir þau. Næst var farið í “Höfuð, herðar, hné og tær” og var greinilegt að þann hreyfileik var enginn að gera í fyrsta skipti.

Leikskólinn hófst 1. júní í sumar og verður starfræktur til 31. ágúst. Enginn leikskóli er yfir vetrarmánuðina og taka þá dagmömmurnar við. Ekki mun þó vera mikið um að mæður þeirra barna sem þarna voru vinni úti að sögn fósra Anna Önnu Maríu og Elsu. “Þau koma hingað meira til þess að kynnast öðrum börnum,” sögðu þær. “Það er líka tilvalið að nota skólahúsnæðið fyrir þessa starfsemi á sumrin.”

Þegar komið var að því að krakkarnir fengju að drekka fóru þau stillt og þrúð í röð og gengu síðan inn í eina af kennslustofunum. Við skulum vona að mjólkinn og brauðið hafi bragðast þeim vel.

KR

Dagur, 158. tbl. (24.08.1988), bls. 5
http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2684387

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 15. desember